

Veðigjöld og verðlag

Umræður um frumvarp til laga um veðigjöld hafa nú staðið vikum saman án þess að andmælendum þess hafi tekist að hrekja nokkrar forsendur þess eða sýna fram á þá skaðsemi sem stórutgerðirnar hafa sagt þeim að af hljótist. Umræðurnar í þinginu eru eðlilega staglkenndar þegar ræðurnar skipta hundruðum og málstaðurinn rýr. Staðhæfingar SFS um hækkun veðigjalda eru ótæpilegar og einn ötulasti ræðuskörungurinn veifar tölunni 101% í Mbl. Lítið sést til rökstuðningi fyrir slíkum staðhæfingum og ekkert gert til að setja málflutninginn í samhengi við raunveruleikann. Til þess má rifja upp og skoða sögu veðigjalda til þess.

Fyrir 2012 voru veðigjöld ekki bundin af lögfestri reglu en óveruleg gjöld voru ákveðin pólitískt ár hvert. Til þessa tíma hafði auðlindarenta í sjávarútvegi einnig verið lítil en farið vaxandi frá því um 2008. Með lögum um veðigjöld árið 2012 var því breytt í auðlindagjald og fjárhæð þess tengd reiknaðri auðlindarentu með svipuðum hætti og einnig hefur verið gert frá 2018. Í upphafi var hlutfall veðigjalda af rentu fremur lágt en átti samkvæmt lögunum að hækka í 65% hennar á nokkrum árum. Falska milliverðlagningin sem nú er verið að leiðrétta var þá jöfnuð með því að umframhagnaður í fiskvinnslu var tekinn með þegar veðigjöldin voru reiknuð þótt þau legðust einungis á fyrirtæki í fiskveiðum.

Veðigjöld hvers árs og á föstu verðlagi ársins 2024

	Veðigjöld verðlag hvers árs	Verðvísitala sjávarafurða	Vísitala vöruverðs	Veðigjöld, vísitala vöruv. 2024=100	Veðigjöld, vísitala Sjávaraf. 2024=100
2012	9,8	269,6	397,3	15,5	14,3
2013	9,7	262,5	412,7	14,7	14,5
2014	8,1	255,3	421,1	12,1	12,5
2015	7,5	272,1	428,0	11,0	10,8
2016	6,4	254,6	435,3	9,2	9,9
2017	6,8	237,6	443,0	9,6	11,2
2018	11,3	254,8	454,8	15,6	17,4
2019	6,6	292,8	468,6	8,8	8,8
2020	4,8	317,7	481,9	6,3	5,9
2021	7,9	316,5	503,3	9,8	9,8
2022	7,9	370,4	545,1	9,1	8,4
2023	10,2	388,0	592,8	10,8	10,3
2024	10,1	392,5	627,5	10,1	10,1
2025	12,0	412,1	658,9	11,4	11,4
2026	17,3	432,7	691,8	15,7	15,7

Eitt fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar B og D árið 2013 var að hverfa frá stighækkun gjaldanna og rjúfa tengsl þeirra við auðlindarentuna með því að breyta gjaldstofninum, þannig að ekki var lengur

unnt að tala um auðlindagjöld. Breytingarnar voru órökréttar og ruglingslegar og kölluðu á enn frekari aðgerðir á árunum til 2017 til að lækka veiðigjöldin.

Ríkisstjórn B, D og VG sem tók við árið 2017 kom að veiðigjaldalögunum í rústum. Að ráði varð þá að taka upp grunnhugmyndina frá 2012 og miða gjöldin við reiknaða auðlindarentu. Einnig var útfærslan bætt með aðkomu Skattsins að álagningunni. Tvennu var þó til kostað til að tryggja samþykki SFS með lökkun veiðigjalda. Annars vegar var fjármagnkostnaður úgerðar áætlaður með aðferð sem leiðir til vanmats og óeðlilegra sveiflna á veiðigjöldum og hins vegar var að mestu opnað fyrir flutningi á hagnaði frá veiðum til vinnslu. Síðarnefnda atriðið er verið að leiðrétta með fyrirbyggjandi frumvarpi.

Megintilgangur með breytingunum á árunum 2013 til 2017 var að lækka veiðigjöldin og koma í veg fyrir að þau hækkuðu í takt við batnandi afkomu fiskveiða. Tókst það því í metafrömuárunum 2023 og 2024 voru veiðigjöldin aðeins um 2/3 af því sem þau voru að raungildi á árunum 2012 og 2013.

Tafla hér að framan sýnir veiðigjöldin eins og þau hafa verið á verðlagi hvers árs frá 2012 til 2024 og áætlað er fyrir þeim á árunum 2025 og 2026, m.a. á grundvelli frumvarpsins. Taflan sýnir einnig verðlagsvísitölur á þessum árum, annars vegar *vísitölu vöruverðs* og hins vegar *vísitölu framleiðsluverðs sjávarafurða* og áætlanir um þær 2025 og 2026 og eins eru veiðigjöldin umreiknuð á grundvelli þeirra miðað við verðlag á árinu 2024. Sést þá að breyting á raungildi veiðigjalda frá árinu 2012 til 2026, þ.e. eftir fyrirhugaðar lagabreytingu er engin. Með frumvarpinu er verið að leiðrétta ekki einungis falsa verðlagningu heldur einnig þær lækkanir sem gerðar voru á árunum 2014 til 2024 en voru aldrei kynntar eða ræddar sem slíkar.

Samtala veiðigjalda á föstu verðlagi á árunum 2012 til 2025 er 154,1 mrd. kr. Hefðu þau verið látin halda verðgildi sínu að jafnaði á þessu fjárhagslega gjöfulusta tíma í sögu fiskveiða á landinu hefðu þau orðið 216,7 mrd. kr. Aðgerðir stjórnvalda og undirgefni við ságreifana kostaði ríkissjóð um 62,5 mrd. kr. Afleiðingu af því má m.a. sjá í ástandi vega og annarri innviðaskuld sem ríkisstjórnir þessara ára skilja eftir sig.

